

FEBRÚAR 2025



ÁRSSKÝRSLA 2024



UM FAB LAB ÍSAFJÖRÐ



Stefna

Stefna okkar er að skapa vinalega og aðgengilega aðstöðu til nýsköpunar. Smiðjan er ekki einungis tækin og tólin sem þar er að finna, heldur fyrst og fremst miðstöð þekkingar, tenginga og tilrauna.

Flestar góðar hugmyndir spretta upp í samræðum fólks með ólíkan bakgrunn og við leggjum upp úr því að skapa rými þar sem fólk upplifir að það tengist smiðjunni og öðrum sem í henni eru.

Vöxtur


Smiðjan stækkaði á árinu þegar Precious Plastic endurvinnslurými bættist við. Þar fá gestir að búa til nytjahluti úr endurunnu plasti.


Fleiri vaxtarmöguleikar eru í sjónmáli og við munum hlúa að þessari þróun í góðu samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði, grunnskóla á svæðinu og sveitafélögin.

Markmið okkar er að gera smiðjuna að suðupotti hugmynda þar sem fer saman sterk samfélagshugsjón og skapandi framtíðarsýn.

YFIRLIT YFIR ÁRIÐ 2024

Fab Lab Ísafjörður hefur ávallt verið vettvangur þar sem tækni, sköpun og samfélag mætast – og árið 2024 var engin undantekning. Við tókum á mótí fjölda gesta, hófum ný samstarfsverkefni og höldum áfram að þróa og auka þjónustu okkar. Með nýrri vefsíðu, YouTube rás og samfélagsverkefnum eins og Reddingarkaffi tókst okkur að styrkja stöðu smíðjunnar sem skapandi afl í samfélaginu.





FAB ACADEMY

Lærðu að búa til (nánast) hvað sem er

Árið 2024 var enginn nemandi í Fab Academy námskeiðinu frá Ísafirði, en áhrif námsins héldu áfram að móta starfsemi smiðjunnar.

Svavar Konráðsson, sem lauk diplómanámi í Fab Academy árið áður, hélt áfram að þróa sitt verkefni innan alþjóðlega verkefnisins 865.24 Exploratory Projects við MIT. Verkefnið snýst um að tengja smiðjur saman í rauntíma og skapa nýja möguleika á samvinnu á milli staða.

Þó enginn hafi lokið Fab Academy á árinu, þá er það enn sýnilegt í smiðjunni: Fab Academy hefur áhrif á verkefnavinnu, tæknilega færni og tengingu við alþjóðlegt samfélag skapara.

Árið 2025 munu þrír nemendur úr Fab Lab Ísafirði hefja nám í Fab Academy – stærsti hópur frá Ísafirði til þessa. Það markar nýjan kafla í þróun smiðjunnar og styrkir tengslin enn frekar við alþjóðlegu Fab Lab hreyfinguna.




MEMA

MEMA 2024 lokahóf

Í nóvember 2024 hélt Fab Lab Ísafjörður lokahóf fyrir MEMA 2024 keppnina í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði og fab Lab Reykjavík. Viðburðurinn var haldinn þann 29. nóvember í smiðjunni og markaði lok spennandi keppni þar sem nemendur sýndu framúrskarandi verkefni sín.

Sigurvegar keppninar voru nemendur úr Menntaskólanum á Ísafirði.



MEMA.IS



FAB ALL INN



Í samstarfi við Fab Foundation tók Fab Lab Ísafjörður virkan þátt í Fab All-In verkefninu, sem leggur áherslu á að auka aðgengi og fjölbreytni í Fab Lab smiðjum um allan heim. Námskeiðið stóð yfir frá febrúar til maí og miðaði að því að styrkja þátttöku ólíkra hópa í smiðjunni, með stuðningi og aðstoð við þróun kennsluefnis og skipulagningu. Þátttakan styrkti tengsl smiðjunnar við alþjóðlegt Fab Lab samfélag og stuðlaði að innleiðingu nýrra aðferða til að efla samfélagslega þátttöku.


ÖRNÁMSKEIÐ Í VÍNYLSKURÐI

Í lok október bauð Fab Lab Ísafjörður upp á örnámskeið í vínylskurði fyrir byrjendur. Þátttakendur lærðu að hanna eigin límmiða og merkingar og unnu með bæði vektorhönnun og vínylskerann. Slík stutt námskeið veita fólki innsýn í möguleika stafrænnar framleiðslu og kveikja oft sköpunargleðina.



DISTINC - STAÐBUNDIÐ FRUMKVÖÐLASETUR

Distinc er verkefni í Fab Lab smiðjum sem snýst um að styðja við frumkvöðla á svæðinu. Með sameiginlegri aðstöðu og sérfræðipækkingu fær fólk að þróa hugmyndir sínar áfram hvort sem það eru sprotafyrirtæki eða einstaklingar með sköpun í hjarta. Markmiðið er einfalt: að rækta nýsköpun í nærsamfélaginu.





SKÖPUN, ÞRÓUN OG FRUMKVÖÐLASTARF

Fab Lab Ísafjörður styður við atvinnulífið á svæðinu með því að veita aðgang að tækni, stuðningi og þróunaraðstöðu.

Frumkvöðlar, lítil fyrirtæki og sjálfstæðir hönnuðir nýta smiðjuna til að þróa hugmyndir, prófa og smíða frumgerðir.

Smiðjan gegnir þannig mikilvægu hlutverki í að styðja við sjálfbæra nýsköpun og skapandi lausnir sem verða til í nærumhverfinu.



FAB LAB ÍSLAND

VINNUSTOFA Á SELFOSSI

Bootcamp á SELFOSSI

Í mars 2024 hittust fulltrúar Fab Lab smiðja hvaðanæva af landinu í Fab Lab Selfossi. Markmiðið var að styrkja tengslanetið og deila reynslu, hugmyndum og nýjustu kennsluáðferðum.

Á dagskránni voru m.a. Jesmonite vinnusmiðja, fræðsla um KiCad og kynning á FMCU (Fab Lab Multipoint Connection Unit) sem Þórarinn og Francisco eru að próa. FMCU opnar möguleika fyrir smiðjur til að tengjast í rauntíma og sýna sig gagnkvæmt á skjá – ótrúlega einfalt, en öflugt framtíðarsamband.

Bootcampið var hvetjandi og mikilvægur vettvangur fyrir innri þekkingaryfirfærslu innan íslenska Fab netkerfisins.



Verkefnasíða vinnustofunar



fab-lab-austurland.github.io/FLI_Boot_Camp_2024/

MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Einingabært nám í Fab Lab

Áfangar tengdir Fab Lab starfi eru kenndir innan Menntaskólans á Ísafirði og halda áfram að þróast. Nemendur læra að vinna með stafræna framleiðslu, forritun, rafrásahönnun og hönnunarforrit – og tengja þannig sköpun, tækni og verklega vinnu.

Árið 2024 unnu nemendur t.d. að því að smíða einfaldar tölvustýrðar vélar, forrita örflögur og vinna með vektorhönnun og 3D prentun. Kennslan nýtir opinn hugbúnað eins og Blender, Inkscape, GIMP og Freecad, sem styður við aðgengi og sjálfbærni í námi.

Fab Lab smiðjan veitir nemendum vettvang til að prófa, þróa og framkvæma hugmyndir – þar sem nám og nýsköpun mætast.



GRUNNSKÓLARNIR



Sex grunnskólar tilheyra þjónustusvæði Fab Lab Ísafjarðar. Árið 2024 tóku margir þeirra virkan þátt í verkefnum tengdum hönnun, nýsköpun og stafrænum lausnum.

Nemendur unnu sjálfstætt og í hópum að fjölbreyttum verkefnum þar sem þeir hönnuðu, prentuðu, laserskárðu og forrituðu eigin hugmyndir. Starfsmenn Fab Lab veittu stuðning og leiðsögn við val á aðferðum og efldu tæknifærni nemenda.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna fékk áfram góðan stuðning frá smiðjunni, sem aðstoðaði bæði við hugmyndavinnu og framkvæmd.



Samstarf við grunnskólana er lykilþáttur í menntunarhlutverki Fab Lab Ísafjarðar og skapar frjósaman jarðveg fyrir framtíðarhugmyndir nemenda.

Frábært staður til að fá aðstoð þar sem
List og tækni mætast

“

”

LIST OG MENNING

Fab Lab smiðjur eru vettvangur fyrir bæði skapandi tækni og listræna tjáningu. Þó listaverk séu ekki alltaf í forgrunni daglegrar starfsemi, þá felst í aðstöðunni mikil möguleiki til að brjóta upp hefðbundin mörk listar, hönnunar og verkfræði.

Nemendur og notendur nýta tæknina til að prenta, móta og framkvæma hugmyndir sínar á eigin forsendum – hvort sem þær kallast list eða hönnun. Smiðjan stendur opin fyrir listamönnum og skapandi verkefnum sem vilja prófa, þoka mörkum og koma með ný sjónarhorn.



MIÐLUN

NÝ VEFSÍÐA

Á árinu var sett í loftið ný vefsíða Fab Lab Ísafjarðar. Markmiðið með síðunni er að gera upplýsingar um starfsemi smiðjunnar aðgengilegar og skýrar, bæði fyrir almenning og samstarfsaðila.

Á síðunni má finna yfirlit yfir verkefni, þjónustu, skýrslur og annað sem tengist smiðjunni – og hún verður uppfærð reglulega með nýju efni og fréttum.

YOUTUBE RÁS

Fab Lab Ísafjörður stofnaði einnig YouTube rás árið 2024. Þar birtast stutt myndbönd um verkefni, kennslumyndbönd, viðtöl og annað efni sem tengist starfseminni.

Rásin nýtist bæði til kennslu og kynningar – og veitir innsýn í fjölbreytta möguleika smiðjunnar.



NÝSKÖPUNARSMIÐJA

FYRIR ÞIG Á VESTURHJARA VERALDAR

FAB LAB ER STAFRÆN SMÍÐJA SEM ER OPIN ÖLLUM.
VILTU KOMAST Í TENGLI VIÐ NÝSKÖPUNARUMHVERFIÐ Á ÍSLANDI?

BYRJUM HÉR!

SAMFÉLAGSSTARF


Frábær vettvangur til að ná til fólks og tengja það saman

ALMENNIR OPNUNARTÍMAR

Fab Lab Ísafjörður býður almenningi að koma í opna tíma tvisvar í viku, þar sem hægt er að fá aðstoð, vinna að eigin hugmyndum eða kynnast tækjunum. Fólk kemur með alls kyns verkefni – allt frá viðgerðum á heimilistækjum yfir í persónuleg gjafahugmyndir, grafíska hönnun og frumgerðir.


Þessir opnu tímar eru mikilvægir fyrir samfélagið, þar sem skapandi hugsun fær að blómstra, fólk hittist og hjálpar hvert öðru, og Fab Lab verður raunverulegur vettvangur samveru og virkrar þátttöku.

Öll velkomin



REDDINGAKAFFI

Fab Lab Ísafjörður hélt á árinu opnar vinnustofur til að gera við allt mögulegt, í samstarfi við Munasafn Reykjavíkur.



HRINGRÁSAR-HAGKERFIÐ

Í samstarfi við Munasafn Reykjavíkur stóð Fab Lab Ísafjörður fyrir opnum vinnustofum þar sem fólk gat komið með hluti í viðgerð.

Andrúmsloftið var notalegt, afslappað og aðgengilegt og með hjálp starfsmanna og tækja smiðjunnar tókst að gefa fjölda muna nýtt líf.



RÉTTURINN TIL AÐ REDDA

Reddingarkaffið byggir á hugsjón hringrásarhagkerfisins: að laga í stað þess að henda. Með því að kenna fólki að gera við hluti, gefst því einnig færi á að læra tæknina, efla sjálfstæði og draga úr sóun.



Viðgerðir + samfélag = Reddingarkaffi 💡

STARFSMENN

Fab Lab Ísafjörður er rekið af tveimur starfsmönnum sem sameina víðtæka þekkingu og sterka tengingu við samfélagið.



ÞÓRARINN BJARTUR BREIÐFJÖRÐ GUNNARSSON

Forstöðumaður

sinnir tengslum við fyrirtæki, skóla og sveitarfélög.

Hann heldur utan um daglega stjórnun, stefnumótun og þróun verkefna. Þórarinn er með diplómanám í stafrænni framleiðslutækni frá Fab Academy og hefur áralanga reynslu af nýsköpun og rafiðnaði.





SVAVAR KONRÁÐSSON

Verkefnastjóri

Sinnir kennslu, verkefnastjórnun og móttöku hópa og einstaklinga. Hann sér um styrkumsóknir og þróun fræðsluverkefna.

Með meistaragráðu í vélaverkfræði og bakgrunn í frumkvöðlastarfi og framleiðslu, er Svavar öflugur hlekkur milli hugmynda og framkvæmdar. Hann lauk diplómanámi í Fab Academy og tekur virkan þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.


REKSTUR



HEIMSÓKNIR

HEILDARFJÖLDI

1914



NÁMSKEIÐ

Haldin voru tvö opin námskeið á árinu.

AÐRAR HEIMSÓKNIR

Ýmis verkefni komu inn um dyrnar fyrir utan opnunartímana. Fólk getur alltaf kíkt við á vinnutíma og fengið aðstoð við verkefnin sín.

Notendur stafrænna smíðja	Viðmið	2024	Skýringar
Heildarfjöldi heimsókna	999	1914	40% af nv Vestfjörðum
Vikur sem var opið	-	42	
Opnunartími á viku í klst	-	41	
Önnur skipulögð dagskrá í klst	-	16	

Þekkingarsamfélag	Viðmið	2024	Skýringar
Námskeið	-	1	2 klst, 6 þátttakendur

Kynningarheimsóknir	Viðmið	2024	Skýringar
Fjöldi	-	4	
Þátttakendur	-	29	

Frumkvöðlar og þróunarverkefni	Viðmið	2024	Skýringar
Heildarfjöldi verkefna	3	7	
Atvinnulíf		2	
Háskóli		1	Búnaður til rannsókna
Grunnskóli		3	
Framhaldsskóli		1	
Einstaklingar		3	

Starf Fab Lab Ísafjarðar heldur áfram að þróast og dafna. Árið 2025 munum við leggja áherslu á að dýpka áhrif smiðjunnar í samfélaginu, efla menntunarhlutverk hennar og styrkja tengslin við alþjóðlega Fab Lab hreyfingu.

Við stefnum að því að:

Auka þátttöku grunnskóla og framhaldsskóla

Þjóða fjölbreyttari námskeið fyrir almenning

Þróa nýtt fræðsluefni og myndmiðlun

Efla nýsköpun og frumkvöðlastarf með tækjum og ráðgjöf

Taka þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum, m.a. tengdum FMCU og Fab Academy

Smiðjan verður áfram opin fyrir alla, staður þar sem fólk hittist, býr til, prófar, lærir og breytir.



Stuðningsaðilar Fab Lab Ísafjarðar



BOLUNGARVÍK



ÍSAFJARÐARBÆR



SÚÐAVÍKURHREPPUR



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og
nýsköpunarráðuneytið

